

tryggilega frá sorpgeymslum og hreinsa upp allt rusl, sem berast kann út á aðliggjandi götur, torg eða lóðir.

VIII. KAFLI

51. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir sveitarfélögin á Fljótshéraði.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur þyngri refsing við brotinu samkvæmt lögum.

Sektir renna í ríkissjóð eða til viðkomandi sveitarfélags eftir því, sem lög og reglugerðir segja til um.

52. gr.

Lögreglusamþykkt þessi öðlast gildi þegar við birtingu.

Lögreglusamþykkt þessi, sem sveitarstjórnir Egilsstaðabæjar, Eiðahrepps, Fellahrepps, Fljótshrepps, Hjaltastahrepps, Hlíðahrepps, Jökuldalshrepps, Skriðdalshrepps, Tunguhrepps og Vallahrepps hafa samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36. 18. maí 1988, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli. Samþykktina skal endurskoða ári eftir gildistöku hennar.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. ágúst 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Sigurður T. Magnússon.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 405, 15. júlí 1994,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1994/1995.**

1. gr.

3. ml. 3. mgr. 3. gr., sbr. reglugerð nr. 273, 9. maí 1995, orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 21. maí til og með 31. ágúst 1995.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. ágúst 1995.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Snorri Rúnar Pálmason.